

Útdráttur

Aukin tæknivæðing nútímans kallar á breyttar áherslur í skólastarfi og hefur því verið fylgt úr hlaði með tilkomu nýrrar námsgreinar sem kallast upplýsingamennt. Áhersla er lögð á að tölvunotkun komi inn í allar námsgreinar svo nemendur fái sem flest tækifæri til að tileinka sér vinnubrögð sem ætla má að verði stór þáttur í lífi þeirra. Þessu þarf að fylgja eftir með námsefni sem stuðlar að tölvunotkun nemenda og var það kveikjan að þessu verkefni. Verkefnið skiptist í tvo hluta:

1. Námsvefinn *Komdu með...* sem hannaður er með hugmyndir grenndarkennslu að leiðarljósi.
2. Fræðilega ritgerð sem styður námsefnið.

Í ritgerðinni eru hugtökum grenndarkennslu gerð skil og útfærsla hennar í námskrám og skólastarfi útskýrð nánar. Bent er á mikilvægi þess að tengja nám við nánasta umhverfi og raunveruleika nemenda til að efla grenndarvitund þeirra. Grenndarfræði byggjast á hugmyndinni um sterka grenndarvitund og að hún sé grundvöllur sjálfsvitundar sem skapar heilsteyptan einstakling. Með vali viðfangsefnisins var litið til þessara þátta og námsefnið unnið út frá þeim. Einnig er fjallað um kenningar og kennsluáferðir sem nýttar voru við gerð námsefnisins. Þar er tekið á námskenningum í tengslum við grenndarkennslu og upplýsingamennt og þannig sýnt fram á fjölbreytta möguleika námsefnisins.

Námsvefurinn *Komdu með...* er fræðsluvefur um fimm sveitarfélög við Eyjafjörð. Nemendur geta unnið með viðfangsefni hans á ólíkan hátt og valið sér atburði, persónur eða staði til að fræðast um. Námsvefurinn er ætlaður miðstigi grunnskóla og voru verkefni sem honum tilheyra unnin út frá markmiðum aðalnámskráa ýmissa námsgreina. Markmið námsefnisins er að efla grenndarvitund nemenda og þjálfa þá í notkun tölva.

Abstract

Increased technology calls for changes in the way schools operate. The new field of Information Technology places emphasis on the usage of computers in classrooms. That means the teaching material has to be offered electronically as well as the way we know today. As part of this development in educational environment this project was put together. It is divided into two parts:

1. *Come Along...*, the Web of Education developed from the ideas of Local Studies
2. A dissertation rationalising the curriculum

In the dissertation concepts and implementation of Local Studies are reported and explained. Importance of connecting education of local environment with reality of the students is highlighted. The ideology of Local Studies is that *claimed to be based on* strong familiarity of the local environment with students should be the fundamental self-importance that creates a person. The dissertation demonstrates theories and teaching methods that were used in the making of the education material. It tackles pedagogies related to Local Studies and Information Technology and show multiform curriculum.

The Educational Web, *Come Along...*, deals with five different states in Eyjafjörður. Students can get subject matters in various forms and choose specific affairs, persons or places to learn about. *Come Along...* is intended for education purposes in elementary schools. Project worked for the web were specially chosen to fit the goals of education in elementary schools. The goal of the educational material is to increase students' familiarity of the local environment and prepare them for computer use.